

131

23. sept.

16. gr.
Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 1. okt. 1947 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 86 13. ágúst 1947.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

132

27. sept.

REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara skulu vera sem hér segir:

Í menntaskólum	kr. 7.70	fyrir	hverja	kennslustund
- Kennaraskóla Íslands, vélstjóraskólanum og stýrimannaskólanum	— 7.20	—	—	—
- gagnfræða- (og héraðs)skólum	— 6.50	—	—	—
- íþróttakennaraskólanum og húsmæðrakennaraskólanum	— 6.00	—	—	—
- húsmæðraskólum og unglingaskólum	— 5.25	—	—	—
- barnaskólum	— 4.70	—	—	—

Orlofsfé er talið með í launum þessum.

Laun stundakennara í þeim skólum, sem eigi eru hér greindir, en styrks njóta úr ríkissjóði, skulu ákveðin í samráði við fræðslumálastjórnina.

2. gr.

Verði breyting á kennslustundafjölda fastra kennara frá því, sem nú er ákveðið í lögum skólanna hvers um sig, breytast stundakennaralaunin í sama hlutfalli, þó þannig, að jafnan standi á heilum eða hálfum tug aura.

3. gr.

Á laun þau, er um ræðir í 1. gr., skal greiða verðlagsuppbót.

4. gr.

Prófdómarar njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 32. gr. laga nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi. Samtímis er úr gildi felld reglugerð nr. 96/1945, um laun stundakennara.

Menntamálaráðuneytið, 27. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.